

TILSKIPUN EVRÓPUNINGSINS OG RÁÐSINS 94/11/EB frá 23. mars 1994

um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFI,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr. a, með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilteknum aðildarríkjum gilda reglur um merkingar skófatnaðar til verndar og upplýsingar fyrir almenning og til að tryggja lögmæta hagsmuni iðnaðarins.

Hætta er á að misræmi milli ákvæða slíkra reglugerða skapi viðskiptahindranir innan bandalagsins og stofni starfsemi hins innri markaðar í hættu.

Til að forðast örðugleika sem skapast vegna þess að mismunandi kerfi eru við lýði ætti að skilgreina nákvæmlega hina ýmsu þætti sameiginlegs merkingarkerfis fyrir skófatnað.

Ályktun ráðsins frá 9. nóvember 1989 um seinni tíma forgangsroð til að endurvekja stefnu um neytendavernd ⁽³⁾ kallar á áttak til að auka upplýsingastreymi til neytenda um vörur.

Það er bæði í þágu neytenda og skóframleiðenda að koma á fót nýju kerfi til að draga úr hættu á svikum með því að tilgreina nákvæmlega eðli efnisins í aðalhlutum skófatnaðar.

Í ályktun ráðsins frá 5. apríl 1993 um framtíðaraðgerðir vegna vörumerkinga í þágu neytenda ⁽⁴⁾ teljast merkingar vera mikilvæg aðferð til að tryggja gagnsæi og betri upplýsingar fyrir neytendur og til að tryggja að innri markaðurinn starfi snurðulaust.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 37, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/94 frá 28. október 1994 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 74, 25. 3. 1992, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 287, 4. 11. 1992, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 294, 22. 11. 1989, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 110, 20. 4. 1993, bls. 3.

Með því að samræma innlenda löggjöf má fjarlægja áðurnefndar hindranir í frjálsum viðskiptum. Hvert aðildarríki fyrir sig á óhægt um vik að ná því takmarki. Í þessari tilskipun er aðeins kveðið á um þær kröfur sem eru óhjákvæmilegar vegna frjáls flutnings á þeim vörum sem hún gildir um.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um merkingar efnis í aðalhlutum skófatnaðar sem á að fara í smásöludreifingu.

Í þessari tilskipun merkir „skófatnaður“ allar vörur með solum sem ætlað er að verja eða þekja fætur, þar með taldir þeir hlutar sem eru markaðssettir sér eins og um getur í I. viðauka.

Skrá, sem ekki er tæmandi, yfir vörurnar sem tilskipunin gildir um er að finna í II. viðauka.

Tilskipunin tekur ekki til eftirfarandi:

- notaðs skófatnaðar,
- hlífðarskófatnaðar sem tilskipun 89/686/EBE ⁽⁵⁾ tekur til,
- skófatnaðar sem tilskipun 76/769/EBE ⁽⁶⁾ tekur til,
- leikfangaskófatnaðar.

2. Upplýsingum um samsetningu skófatnaðar skal komið á framfæri með merkingum á þann hátt sem tilgreint er í 4. gr.

i) Merkingarnar skulu veita upplýsingar um hina þrjá hluta skófatnaðar samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka, það er að segja:

- a) efri hluti;
- b) fóður og bindsóli; og
- c) slitsóli.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 399, 30. 12. 1989, bls. 18.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 201.

- ii) Samsetning skófatnaðarins skal tilgreind eins og um getur í 4. gr. annað hvort með hjálp skýringarmynda eða -texta um tiltekin efni eins og mælt er fyrir um í I. viðauka.
- iii) Ef um er að ræða efri hluta skal flokkun efnisins ákvörðuð með hliðsjón af ákvæðum í 1. mgr. 4. gr. og í I. viðauka án þess að tekið sé tillit til aukahluta eða styrkinga svo sem öklavarna, bryddinga, skreytinga, sylgja, leppa, lykkja fyrir bönd og snúrur og þess háttar.
- iv) Ef um er að ræða slitsóla skal flokkunin ákvörðuð með hliðsjón af magni efnisins sem í honum er, í samræmi við 4. gr.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skófatnaður sem settur er á markað uppfylli kröfur þessarar tilskipunar um merkingar, samanber þó önnur viðeigandi ákvæði bandalagsins.
2. Ef skófatnaður sem samræmist ekki kröfum um merkingar er settur á markað skulu hlutaðeigandi aðildarríki gera viðeigandi ráðstafanir samkvæmt innlendra löggjöf.

3. gr.

Með fyrirvara um önnur viðeigandi ákvæði bandalagsins, mega aðildarríkin ekki banna eða hindra markaðssetningu skófatnaðar sem uppfyllir kröfur þessarar tilskipunar um merkingar með því að beita ósamhæfðum innlendum ákvæðum um merkingar tiltekinna tegunda skófatnaðar eða skófatnaðar almennt.

4. gr.

1. Merkingar skulu veita upplýsingar um efnið sem er, í samræmi við I. viðauka, minnst 80% af yfirborði efri hluta og fódurs og bindsóla skófatnaðarins og að minnsta kosti 80% af efnismagni slitsóla. Ef ekkert eitt efni er að minnsta kosti 80% ætti að veita upplýsingar um að minnsta kosti tvö af aðalefnunum sem skófatnaðurinn er samsettur úr.
2. Upplýsingarnar skulu tilgreindar á skófatnaðinum. Framleiðandinn eða umboðsmaður hans sem hefur staðfestu í bandalaginu getur valið á milli skýringarmynda eða skýringartexta á einu eða fleiri tungumálum sem neysluaðildarríkið ákveður í samræmi við sáttmálann, eins og skilgreint er og útskýrt í I. viðauka. Aðildarríkin skulu sjá til þess að neytendur fái fullnægjandi upplýsingar í innanlandsákvæðum um þessar skýringarmyndir og að þessi ákvæði hafi ekki í för með sér viðskiptahindranir.
3. Merking, í skilningi þessarar tilskipunar, felur í sér að upplýsingar sem krafist er séu að minnsta kosti tilgreindar

á einum skó hvers pars. Þetta er hægt að gera með því að prenta upplýsingarnar, líma þær, greypa eða nota áfastan merkimiða.

4. Merkingin skal vera læsileg, tryggilega fest og aðgengileg og skýringarmyndirnar skulu vera nógu stórar til að auðvelt sé að skilja upplýsingarnar sem þær hafa að geyma. Merkingar mega ekki vera villandi fyrir neytendur.
5. Framleiðandinn eða umboðsmaður hans sem hefur staðfestu í bandalaginu er ábyrgur fyrir afhendingu merkimiðans og nákvæmni upplýsinganna á honum. Ef hvorki framleiðandinn né umboðsmaður hans hefur staðfestu í bandalaginu hvílir þessi skylda á þeim sem er ábyrgur fyrir fyrstu markaðssetningu skófatnaðarins í bandalaginu. Smásölukaupmaðurinn skal sjá til þess að skófatnaður sem hann selur sé merkur á viðeigandi hátt í samræmi við þessa tilskipun.

5. gr.

Ef þörf krefur er heimilt að bæta við áföstum upplýsingum í textaformi til viðbótar upplýsingunum sem er krafist samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríkjunum er þó ekki heimilt að banna eða hindra markaðssetningu skófatnaðar sem samrýmist kröfum þessarar tilskipunar, samanber 3. gr.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta lög þau og stjórnáslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að tilskipun þessari, eigi síðar en 23. september 1995. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.
2. Aðildarríkin skulu beita ákvæðunum sem um getur í 1. mgr. frá og með 23. september 1996 að telja. Vörubirgðir sem eru afhentar smásölukaupmanni ásamt reikningi fyrir þann dag falla í fyrsta lagi undir áður nefnd ákvæði frá og með 23. september 1997 að telja.
3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.
4. Þremur árum eftir að tilskipun þessi kemur til framkvæmdar skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir ráðið matsskýrslu þar sem tekið er tillit til allra erfiðleika sem stjórnendur kunna að standa andspænis við framkvæmd ákvæðanna í þessari tilskipun og, ef þörf krefur, leggja fram viðeigandi tillögur um breytingar.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Fyrir hönd, Evrópuþingsins,

E. KLEPISCH

forseti

Gjört í Brussel 23. mars 1994.




Fyrir hönd ráðsins,

TH. PANGALOS

forseti



I. VIÐAUKI



1. Skilgreining á einstökum hlutum skófatnaðar ásamt samsvarandi skýringarmyndum eða -texta

	<i>Skýringarmynd</i>	<i>Skýringartexti</i>
<p>a) Efri hluti</p> <p>Þetta er ytra byrði þess hluta sem er festur við slitsólann.</p>		<p>F Tige D Obermaterial IT Tomaia NL Bovendeel EN Upper DK Overdel GR EPANW MEROS ES Empeine P Parte superior</p>
<p>b) Fóður og bindsóli</p> <p>Þetta er fóður efri hlutans og innsólans sem myndar innra byrði skófatnaðarins.</p>		<p>F Doublure et semelle de propreté D Futter und Decksohle IT Fodera e Sottopiede NL Voering en inlegzool EN Lining and sock DK Foring og bindsål GR FODRES ES Forro y plantilla P Forro e Palmilha</p>
<p>c) Slitsóli</p> <p>Þetta er neðsti hluti skófatnaðarins sem er festur við efri hlutann og er slitið.</p>		<p>F Semelle extérieure D Laufsohle IT Suola esterna NL Buitenzool EN Outer sole DK Ydersål GR SOLA ES Suela P Sola</p>

2. Skilgreining á efnum ásamt samsvarandi skýringarmyndum

Skýringarmyndir vegna efna ættu að vera á merkimiða nálægt skýringarmyndum vegna þeirra þriggja hluta skófatnaðarins sem eru tilgreindir í 4. gr. og í 1. lið þessa viðauka.

	<i>Skýringarmynd</i>	<i>Skýringartexti</i>
a) i) Leður		
<p>Almennt heiti fyrir húð eða skinn af dýrum þar sem upprunalegar trefjar hafa varðveist að mestu ósnertar og sem hefur verið sútað til að verja það rotun. Í sumum tilvikum er hár og ull fjarlægð en í öðrum ekki. Leður er einnig unnið úr húð eða skinni sem er klofið í lög eða hlutað niður annaðhvort fyrir eða eftir sýtun. Ef sútaðri húð eða sýtuðu skinni er sundrað á vélrænan og/eða efnafræðilegan hátt í trefjaeiningar, litla hluta eða duft sem síðan er mótað, með eða án bindiefna, í húðir eða annað form telst það ekki vera leður. Ef yfirborð leðurs er húðað, hvernig sem það er gert, eða aukalag límt á yfirborð leðursins má slíkt yfirborðslag ekki vera þykkara en 0,15 mm. Þessi skilgreining á þannig við allt leður, með fyrirvara um aðrar lagalegar skuldbindingar, t.d. Washington-samþykktina.</p> <p>Ef notað er heitið „hárhamur“ í valfrjálsum viðbótarupplýsingum sem um getur í 5. gr. á það við um leður með upprunalegan hárham sem stendur eftir þegar húðþekjan hefur verið fjarlægð en án þess að einhver hluti yfirborðsins hafi verið fjarlægður með því að fægja það, slípa eða kljúfa.</p>		<p>F Cuir D Leder IT Cuoio NL Leder EN Leather DK Læder GR DERMA ES Cuero P Couros e peles curtidas</p>
a) ii) Húðað leður		
<p>vara þar sem þykkt leðurhúðarinnar eða aukalagsins sem er límt á yfirborð leðursins er ekki meira en þriðjungur af samanlagðri þykkt vörunnar, en meira en 0,15 mm.</p>		<p>F Cuir enduit D Beschichtetes Leder IT Cuoio rivestito NL Gecoat leder EN Coated leather DK Overtrukket læder GR EPENDEDUMENO DERMA ES Cuero untado P Couro revestido</p>

	<i>Skýringarmynd</i>	<i>Skýringartexti</i>
b) Náttúruleg textílefni og gervitextílefni, ofin eða óofin		
<p>með „textílum“ er átt við allar vörur sem fjallað er um í tilskipun 71/307/EBE og breytingum á henni.</p>		<p>F Textile D Textil IT Tessili NL Textiel EN Textile DK Tekstilmaterialer GR U F A S M A ES Textil P T é x t e i s</p>
c) Öll önnur efni		
		<p>F Autres matériaux D Sonstiges Material IT Altre materie NL Overige materialen EN Other materials DK Andre materialer GR ALLA ULIKA ES Otros materiales P Outros materiais</p>

VIÐAUKI II

DÆMI UM SKÓFATNAÐ SEM FJALLAÐ ER UM Í ÞESSARI TILSKIPUN

„Skófatnaður“ getur verið allt frá sandölum með efri hluta sem einungis er lausar reimar eða bönd til klofstígvéla þar sem efri hlutinn hylur fótlegg og læri. Til skófatnaðar telst því eftirfarandi:

- i) flatbotna eða hælahaír skór til nota utan- eða innandyra;
- ii) ökklastígvél, kálfstígvél, hnéstígvél og klofstígvél;
- iii) ýmsar tegundir af sandölum, „espadrillur“ (skór með efri hluta úr lérefti og kaðalsóla), tennisskór, hlaupaskór og aðrir íþróttaskór, baðsandalar og aðrar tegundir af óformlegum skófatnaði;
- iv) sérstakur skófatnaður til íþróttaiðkana sem hefur eða hægt er að festa á brodda, gadda, hök, klemmur, þverbönd og þess háttar og skautaskór, skíðaskór og gönguskíðaskór, glímuskór, hnefaleikaskór og reiðhjólaskór. Einnig skófatnaður með áföstum skautum eða hjólaskautum;
- v) ballettskór;
- vi) skófatnaður sem er framleiddur úr einum hluta, t.d. með því að móta gúmmí eða plast, nema einnotaskór sem eru framleiddir úr léttum efnum (pappír, plastfilmu o.s.frv., án sóla);
- vii) skóhlífar sem eru notaðar utan yfir annan skófatnað sem í sumum tilvikum er án hæla;
- viii) einnotaskófatnaður með sóla, venjulega ætlaður til nota aðeins einu sinni;
- ix) sérsníðaður skófatnaður.

Til að stuðla að einsleitni og skýrleika, og með fyrirvara um ákvæðin sem um getur í lýsingu á vörunum sem fjallað er um í þessari tilskipun, skal almennt litið svo á að vörurnar sem fjallað er um í 64. kafla í sameinaða flokkunarkerfinu falli undir gildissvið þessarar tilskipunar.